

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 135/1811
komudagur 14.3.2008
12. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-18
150 Reykjavík

Efni:

*Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu, 349. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.*


Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.

Efnislega er ekki að finna í frumvarpinu neinar reglur eða hömlur sem væru til boga varðandi bahá'í útfarir eða greftrun og gæfu okkur tilefni til athugasemda.

Hins vegar er full ástæða til að brýna löggjafann á að huga að þeim margháttuðu áhrifum sem breytingar í átt til fjölmennningar hafa. Ekki síst blasir við að bæði regluverk og málfar einkennist enn mjög af ráðandi stöðu kirkju og kristni þótt viðbúið sé að mæta þurfi í auknum mæli þörfum fólks úr hvers kyns trúfélögum öðrum, sem og fólki sem stendur utan allra trúfélaga. Heiti sjálfs ráðuneytisins sem kennt er við dóms- og kirkjumál en ekki trúmál er skýrt dæmi um þá aðlögun sem óskandi er að farið verði í á komandi árum.

Við fögnum því að orðið *grafreitir* sé nú markvisst sett inn í lögin og vonandi komum við til með að sjá fyrir en seinna grafreiti sem eru hlutlausari staðir en núverandi kirkjugarðar eru, þótt þar megi fólk utan kirkjunnar fá aðgang.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi


Ingibjörg Daníelsdóttir ritari

Alþingi
Erindi nr. P 135/1813
komudagur 14.3.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum. Mál nr. 349, þingskjal nr. 585.

Biskupsstofa, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasamband Íslands skila hér sameiginlegri umsögn.

Almennt um frumvarpið.

Þær breytingar og viðbætur sem frumvarpið boðar eru langflestar tímabærar og er það fagnaðarefni að vel hefur tekist til við endurskoðun iaganna í heild.

Breytingar frá fyrri frumvarpsdrögum og afgreiðslu kirkjupings.

Veigamikil breyting hefur þó verið gerð á frumvarpinu frá því að það var afgreitt á kirkjupingi haustið 2006 og síðan útbúið og lagt fyrir ríkisstjórn skömmu síðar. Í drögum að frumvarpi sem lagt var fyrir ríkisstjórn haustið 2006 og byggð voru á samþykkt kirkjupings var gert ráð fyrir að 20. gr. laganna yrði 28. gr. og þar yrði 4. mgr. svohljóðandi:

„Kirkjugarðsstjórn er heimilt að innheimta gjald til að standa straum af kostnaði við gæslu og eftirlit í líkhúsi.“

Þessi 4. mgr. hefur fallið úr frumvarpinu og er sú ákvörðun örökrétt í ljósi þess að lögfesta á flutning líka í líkhús eftir að læknir hefur úrskurðað mann látinn, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Spyrja má í þessu samhengi hverjir hafi það verkefni að reka líkhús hér á landi. Í athugasemdum við einstaka kafla frumvarpsins, eins og það var úr garði gert af dóms- og kirkjumálaráðuneyti og lagt fyrir ríkisstjórn haustið 2006, stóð:

„Samkvæmt lögum um kirkjugarða er þeim ekki skylt að hafa yfir kapellu eða líkhúsi að ráða. Með breyttum þjóðfélagsháttum og í hagkvæmniskyni hefur þróunin orðið sú í nokkrum fjölmennustu

bæjarfélögum landsins að slíkar byggingar hafa verið reistar í kirkjugarði eða í tengslum við hann, jafnvel þótt enn sé fyrir hendi geymsluaðstaða í sjúkrahúsum. Þessar líkgeymslur falla ekki undir lögbundið hlutverk kirkjugarðanna. Í Reykjavík háttar t.d. þannig til að allir útfararstjórar hafa aðgang að líkhúsi í Fossvogskirkjugarði, sem er í eigu hans. Eðlilega þarf húseigandi að hafa visst eftirlit og umsjón með líkgeymslunum. Þykir rétt að setja í lög ákvæði sem heimila að unnt verði að taka gjald fyrir þann kostnað er hlýst af rekstri geymslanna og umsjón og eftirliti með þeim, en ekki fyrir stofnkostnaði við byggingu geymslunnar eða öðrum stofnkostnaði.

Nauðsynlegt þykir vegna eðlis líkgeymsla, s.s. út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þær verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starf-rækslu líkgeymsla. Nauðsynlegt þykir að marka stefnu stjórnvalda um að líkhús verði aðeins rekin af heilbrigðisstofnunum og kirkju-garðsstjórnunum.

Af kirkjugarðsgjaldinu, eins og það hefur nú verið skilgreint í gjaldalíkani á sl. ári, er engum hluta þess ætlað að standa straum af rekstri kapellu eða líkgeymsla, heldur aðeins ætlað vegna töku nýrra grafa og við hirðu kirkjugarðanna.“

Frumvarpið, eins og það var útbúið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og lagt fyrir ríkisstjórn á haustdögum 2006, virðist hafa tekið mið af úrskurði umboðsmanns Alþingis sem hann birti um gjalddöku í líkhúsi 11. júlí sama ár, þar sem hann beindi því til dóms- og kirkjumálaráðherra að hann tæki sérstaklega til athugunar hvort ákvæði laga nr. 36/1993, með síðari breytingum, væru nægilega skýr um þessi atriði, og beitti sér þá eftir atvikum fyrir breytingum á þeim teldi hann ástæðu til. Á heimasíðu umboðsmanns Alþingis má lesa viðbrögð dóms- og kirkjumálaráðuneytis við fyrirspurn hans um líkhúsgjald en þar segir umboðsmaður:

„Mér barst bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 8. september 2006, þar sem fram kom að fyrirhugað væri að leggja fram á Alþingi um haustið frumvarp til breytinga á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, græftrun og líkbrænnslu. Með bréfinu fylgdu drög að frumvarpinu, þar sem m.a. var gert ráð fyrir að bætt yrði við 28. gr. laganna heimild til að taka gjald fyrir geymslu í líkhúsi til að standa straum af kostnaði við gæslu og eftirlit. Í bréfinu kom einnig fram að nauðsynlegt kynni að reynast að ræða við fjármálaráðuneytið um kirkjugarðsgjaldið sem breytt var með lögum nr. 138/2004 og gjaldalíkanið sem þá var tekið upp. Loks kom fram að sjónarmið mín yrðu höfð til hliðsjónar við lokayfirferð samningar lagafrumvarpsins og yrði ég upplýstur um framvindu málsins.“

Ástæða þess að ríkisstjórnin felldi þetta ákvæði út úr fyrirliggjandi frumvarpi mun vera sú, að lítið sé svo á í fjármálaráðuneytinu að rekstur líkhúsa sé inn í þeim

samningi sem gerður var milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs síðla árs 2004 og undirritaður var í apríl 2005. Skiptir engu sú ábending frá Kirkjugarðaráði, að samningar milli aðila hafi strandað á þessu ákvæði um mitt sumar 2004 og að samningsviðræður hafi ekki haldið áfram fyrr en ráðherrar dómsmála og fjármála blönduðu sér í þær með því að gefa embættismönnum sínum boð um að víkja þeim ágreiningi til hliðar enda höfðu Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, Kirkjugarðar Akureyrar o.fl. kirkjugarðar innheimt gjaldið um langt tímabil, þegar samningar voru loksins undirritaðir í apríl 2005 án athugasemda ráðuneyta um innheimtu gjaldsins. Við undirritun samkomulags milli aðila hlaut því að vera ljóst, að þeir örfáu kirkjugarðar sem reka líkhús, áttu ekki og eiga ekki að fjármagna þann rekstur af samningsbundnu fjármagni ríkisins sem ætlað er í umhirðu kirkjugarða og grafarkostnað samkvæmt samkomulaginu. Álit dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kom fram við athugasemdir þess með frumvarpinu haustið 2006:

„Nauðsynlegt þykir vegna eðlis líkgeymsla, s.s. út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þær verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starfrækslu líkgeymsla. Nauðsynlegt þykir að marka stefnu stjórnvalda um að líkhús verði aðeins rekin af heilbrigðisstofnunum og kirkjugarðsstjórnnum.

Af kirkjugarðsgjaldinu, eins og það hefur nú verið skilgreint í gjaldalíkani á sl. ári, er engum hluta þess ætlað að standa straum af rekstri kapellu eða líkgeymsla, heldur aðeins ætlað vegna töku nýrra grafa og við hirðu kirkjugarðanna.“ (undirstrikun bréfitara).

Það er tvennt sem felld hefur verið út úr núverandi frumvarpi sem var í því frumvarpi sem afgreitt var frá kirkjupingi og lagt var fyrir ríkisstjórn haustið 2006. Annars vegar heimild kirkjugarða til að taka gjald í líkhúsi og hins vegar að marka stefnu stjórnvalda um að líkhús verði aðeins rekin af heilbrigðisstofnunum og kirkjugarðsstjórnnum.

Í núverandi frumvarpi er gert ráð fyrir að allir þeir sem áhuga hafa á rekstri líkhúsa geti hafið slíkan rekstur. Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari reglur um stofnun og starfrækslu líkhúsa, sbr. umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins. Ekki er lengur gert ráð fyrir að stefna stjórnvalda sé sú, að rekstur líkhúsa sé samfélagsþjónusta sem falið verði kirkjugarðastjórnnum og heilbrigðisstofnunum. Þess má geta að lokum að á Norðurlöndum er rekstur líkhúsa ekki í umsjón útfararþjónustunnar heldur er opinberum aðilum falin þessi samfélagsþjónusta.

Í skýrslu vinnuhóps um meðhöndlun og vörslu látinna í hugsanlegum heimsfaraldri af völdum inflúensu er gert ráð fyrir að líkhúsmálin séu á höndum opinberra aðila. Frumvarpið eins og það liggur fyrir styður ekki þá áætlun, fremur er ýtt undir einkavæðingu þeirra.

Það má upplýsa það hér að stefna Kirkjugarðasambands Íslands varðandi rekstur líkhúsanna hefur legið fyrir í mörg ár. Formaður Kirkjugarðasambands Íslands skrifaði dóms- og kirkjumálaráðherra tvívegis bréf þar sem beðið var um aukafjárveitingu til þeirra kirkjugarða sem hefðu á höndum rekstur líkhúsa en þeirri beiðni var ekki sinnt. Í framhaldi af þeirri synjun hófu Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og Kirkjugarðar Akureyrar að innheimta svonefnt líkhúsgjald 1. maí 2004 til að fjármagna þennan rekstur. KGRP hættu þeirri gjaldtöku 1. ágúst 2006 í ljósi úrskurðar umboðsmanns Alþingis en á Akureyri var skipt um rekstraraðila og gjaldið innheimt áfram. Síðan hafa kirkjugarðastjórnir á landinu beðið eftir raunhæfri úrlausn með lagasetningu um sérfjárveitingu til þessa málaflokks en ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja frumvarpið fram án þess að taka á því hverjir eigi að greiða þennan rekstur og er það harmað. Ljóst er að þeir einkaaðilar sem hefja rekstur líkhúsa munu innheimta rekstrar-kostnaðinn í þjónustugjöldum.

Segja má að um tvo valkosti sé að ræða varðandi kostnað við rekstur líkhúss. Annað hvort byggir reksturinn á gjaldtöku af dánarbúi hins látna eða þá að til komi sérstakt framlag úr ríkissjóði. Eins og frumvarpið er nú, er hvorugur kosturinn til staðar og þar með er rekstur líkhúsa ekki tryggður. Að áliti Umboðsmanns Alþingis þarf sérstaka lagaheimild fyrir kirkjugarða til þess að innheimta þennan kostnað af aðstandendum eða dánarbúi hins látna. Beðið hefur verið um aukafjárveitingu til rekstursins án árangurs.

Breytingatillaga á frumvarpinu.

Með það fyrir augum að frumvarpið hafi ekki áhrif á framlög úr ríkissjóði er lagt til að upphaflega tillagan haldi sér, þ.e. að 4. mgr. 20. gr. laganna (er verður 28. gr.) verði „*Kirkjugarðsstjórn er heimilt að innheimta gjald til að standa straum af kostnaði við gæslu og eftirlit í líkhúsi.*“

Athugasemdir við 28. grein frumvarpsins, 4. mgr.:


Í 1. gr. frumvarpsins eru gefin fyrimæli um að látnir einstaklingar skuli svo fljótt sem við verður komið fluttir í líkhús. Víða um land eru líkhús ekki til staðar og á það ber að minna að hvergi er að finna lagabókstaf um hverjir skuli hafa þá skyldu að reisa og reka líkhús hér á landi. Með heimildarákvæði um að kirkjugörðum verði heimilað að taka gjald til að standa straum af rekstrinum, er þess að vænta að 1. gr. frumvarpsins verði raunhæfari, þ.e. að Kirkjugarðasamband Íslands tryggi að líkhús verði til staðar í öllum landsfjórðungum.

Ef kirkjugarðar sem nú eiga og reka líkhús eiga að annast þessa þjónustu í framtíðinni verða þeir að fá til þess sérstakar rekstrartekjur. Eins og fyrr greinir hefur mjög ákveðið verið leitað eftir því að til komi sérfjárveiting úr ríkissjóði en því hefur ekki verið sinnt. Af þeim sökum er hér lagt til að heimild verði veitt kirkju-

garðastjórnnum til að innheimta kostnaðinn hjá dánarbúum til að tryggja líkhús-
rekstur víðsvegar um land.


Reykjavík, 13. mars 2008.

F.h. Biskupsstofu,



Karl Sigurbjörnsson, biskup.

F.h. Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma



Jóhannes Pálmason, stjórnarformaður.

F.h. Kirkjugarðasambands Íslands.



Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri.

FÉLAG ÍSLENSKRA ÚTFARARSTJÓRA

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1795
komudagur 13. 3. 2008

NATIONAL ASSOCIATION OF ICELANDIC FUNERAL DIRECTORS
(NAIFD)

Virðulega Allsherjarnefnd!

Stjórn félagsins hefur yfirfarið hjálagt frumlagð til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr 36/1993, með síðari breytingum.

Einsog frumvarpið liggur nú fyrir er fátt sem Félag útfararstjóra gerir athugasemdir við enda hafði félagið sent inn til ráðuneytis kirkjumála all ýtarlegar breytingar tillögur við tillögur nefndar sem skipuð vara af ráðherra til að far yfir þessi mál. Allar okkar athugasemdir innsendar 13.05.2006 voru teknar til greina.

Frumvarpið getum við verið sátt við einsog það er í dag og má að okkar áliti samþykkja það óbreytt. Við viljum samt senda með þessu bréfi athugasemdir okkar til ráðherra dagsett þann 13. 05. 2006 til að undirstrika að þá sátt sem ríkir meðal útfararstjóra um vinnulag og siðareglur.

Virðingafyllst

Rúnar Geirmundsson
Einarsson

Formaður
Meðstjórnandi

Inger Steinson

Sverrir

Varaformaður



Félag íslenskra útfararstjóra - FÍÚ

Félag íslenskra útfararstjóra,
Fjarðarási 25,
IS-110 Reykjavík.
Kt. 440805-1249

Netfang: stjorn@fiu.is
Vefsíða: www.fiu.is



Athugasemdir við tillögur frá 18. apríl 2006. Reglugerð um útfararþjónustu.

Við leggjum til að núverandi reglugerð um útfararþjónustu standi en inn í hana komi eftirfarandi "Skilyrði fyrir leyfisveitingu" 3. gr óbreytt við greinina bætast tveir töluliðir "útfararstjóra skulu gangast undir siðareglur sem gilda fyrir útfararstofnanir í Evrópu. (EFFS) með undirr skrift sinni. tölulið 1. til 11." (þarfnast ekki skýringa) "útfararstjórar skulu að öllu jöfnu taka mið af siðareglum Félags Íslenskra útfararstjóra í starfsemi sinni.

1. **Varðandi 3. gr. Skilyrði fyrir leyfisveitingu**

Liður 1. Hugtakið "óflekkað mannorð" teygjanlegt og ónákvæmt. Liðinn skal fella út.

2. **Bótaupphæð**

Þessi tillaga er afar umdeild og vand með farið að meta hvenær og hversu mikið eigi að greiða úr sjóði sem þessum fyrir tjón/skaða/mistök.. Það að hafa í gildi tryggingu er að okkar mati gott framtak og faginu og þeim sem þar starfa til hagsbóta. En upphæðirnar sem getið er um í drögunum er þó nokkuð há að okkar mati. Heildarfjárhæð innan hvers árs 19,5 milljónir. Þessi upphæð er um sex mánaða til einsárs velta hjá minni útfararfyrirtækjunum. Það mun verða erfleikabundið fyrir lítil og meðal stór fyrirtæki í þessum geira að verða sér ú um slíkar tryggingar. Bótaábyrgð fyrir einstaka tjón er uppá 6,5 milljónir króna. Kostnaður við hefðbundna útför er um 350.000 til 450.000 kr. með öllum þeim kostnaði við útför sem fer í gegnum útfararstjóra/útfararfyrirtæki. Þessi upphæð er 15 til 18 föld sú fjárhæð. Hér er greinilega stór skekkja á mögulegum "tapi" viðskiptavina okkar og þeim tryggingafjárhæðum sem við þurfum að leggja til. Við leggjum því til að þessi upphæð verði lækkuð verulega til samræmis við þann raunkostnað sem tjón eða skaði af okkar völdum getur orðið.

3. **Liður 5.**

Þessi liður er í engu í samræmi við þær venjur sem í gildi eru á Norðurlöndum. Nefndin segir sjálf að "...eðlilegast [sé] að hafa sama fyrirkomulag og gildir á öðrum Norðurlöndum, en þar undirrita útfararstjórar innan landsamtakanna siðareglur EFFS (European Federation and Funeral Services) áður en þeir hefja störf." Útfararstjórar á Norðurlöndunum þurfa ekki að fara á námskeið í guðfræðideildum háskóla sinna landa áður en þeir fá leifi til starfa. Engin þörf er á að setja slík skilyrði inn í reglugerð um leyfisveitingu útfararstjóra hér á

landi enda er starfsemi útfararþjónusta ekki kirkjuleg starfsemi. Við leggjum því til að 5. töluliður falli út

4. Varðandi 7. gr.

Engin þörf er á setningu sérstakra skilyrða fyrir síma eða bifreiða. Eigendum á að vera í sjálfsvald sett hvernig þeir hafa starfssemi sinni. 7. gr. þarf því ekki víðtækari ekki að vera víðtækari en tillaga okkar hér að neðan. Tillaga okkar er því að 7. gr. verði: ***“Til starfrækslunnar skal útfararþjónusta hafa yfir að ráða fastri starfsstöð, bifreið til líkflutninga og annan búnað sem nauðsynlegur telst til boðlegrar þjónustu. Enn fremur skulu þeir sýna fram á að þeir geti útvegað þá þjónustu, sem þeir ráða ekki sjálfir yfir, s.s. aðstöðu í líkhúsum, o.fl.”***

Alþingi
Erindi nr. P 135/1829
komudagur 17.3.2008



Alþingi
Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfasími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 14. mars 2008
Tilvísun: Fvr 2008030013 /KHS

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum* (hér eftir nefnd kirkjugarðalög).

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem verið er að gera á lögnum nú, en stofnunin hefði viljað sjá fleiri breytingar á gildandi kirkjugarðalögum.

Ástæðan er sú að í lögnum eru ýmis ákvæði sem snerta fornleifar og stangast á við gildandi þjóðminjalög nr. 107/2001.

Þannig eru í 16. gr. kirkjugarðalaga ákvæði um að leitað skuli til ýmissa umsagnaraðila við stækkun kirkjugarðs eða gerð nýs garðs, en hvergi minnst á að leitað skuli umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Kirkjur og kirkjugarðar standa undantekningarlítið á sama stað öldum saman, og er því mikil hætta á röskun fornleifa við allar framkvæmdir við garðana.

Í 26. gr. er ákvæði sem heimilar kirkjugarðsstjórnnum að fjarlægja ónýtar girðingar og minnismerki af leiðum og ráðstafa minnismerkjum eldri en 75 ára ef enginn hefur óskað friðunar á þeim, eða að láta hefja úr moldu gömul minnismerki ef þörf krefur. Minningarmörk í kirkjugörðum, 100 ára og eldri, falla þó undir ábyrgð Fornleifaverndar ríkisins skv. þjóðminjalögum og er ekki tekið tillit til þess ákvæðis í kirkjugarðalögum.

Í 31 gr. er kveðið á um að niðurlagðir kirkjugarðar séu friðhelgir og teljist til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Í 32. gr. er síðan ákvæði sem berlega er í mótsögn við fyrri grein, og þjóðminjalög, en þar segir að 20 árum eftir niðurlagningu kirkjugarðs geti safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð eða látið slétta garðinn, án þess að minnst sé á samráð við yfirvöld fornleifamála.

Í 33. gr. kirkjugarðalaga er kveðið á um að vandamenn eigi rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan. Þetta ákvæði er í andstöðu við gildandi þjóðminjalög ef garðarnir eða minningarmörkin eru eldri en 100 ára. Ljóst er að brýnt er að samræma þessi tvö lög.

Virðingarfyllt,

Kristín Huld Sigurðardóttir
Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður



Alþingi 5/15/1812
Grindi nr. Þ
Mudagur 14.3.2008

14. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, útfarir, útfararþjónustu o.fl.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1719
komudagur 10.3.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál.

Umrætt frumvarp hefur verið undirbúið mjög vel, m. a. gafst forystu PÍ á sínum tíma kostur á að gera athugasemdir við frumvarpsdrög og frumvarpið var kynnt og rætt á kirkjuþingi 2007.

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar sem flestar miða að því að færa lagaramma málaflokksins til nútímalegra horfs og eru tvímælalaust til bóta.

Stjórn Prestafélags Íslands sér ekki ástæðu til að gera neinar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,


sr. Ólafur Jóhannsson, formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1689
komudagur 6.3.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi allsherjarnefnd
b.t. Selmu Hafliðadóttur

Reykjavík 3. mars 2008

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0802088SA JF

Tilv.: 184

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 19. febrúar sl.

Frumvarpið felur í sér breytingar á núgildandi lögum og eru þær gerðar með hliðsjón af setningu siðareglna fyrir útfararstjóra og aðra sem veita þjónustu við andlát.

Þar sem ekki er um að ræða efnislegar breytingar á þeim ákvæðum laganna er varða sveitarfélögin verður ekki séð að frumvarpið hafi í för með sér nýjar skyldur eða aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1969
komudagur 2.4.2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2008

Tilv.: 0802024

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum, 349. mál, þskj. 585 á 135. löggjafarþingi.

Vísað er til bréfs frá allsherjarnefnd, dags. 19. febrúar 2008. Í bréfinu er óskað eftir athugasemdum Samkeppniseftirlitsins vegna framangreinds frumvarps.

1.

Í 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að lögin hafi það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Er meðal annars gert ráð fyrir því að þessu markmiði megi ná með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði og vinna gegn samkeppnishömlum og fákeppni. Er Samkeppniseftirlitinu m.a. ætlað skv. c-lið 1. mgr. 8. gr. laganna að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni. Skal stofnunin benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði.

2.

Skýlt er að greftra lík í kirkjugarði ellegar brenna þau í viðurkenndri bálstofu skv. 1. gr. laga nr 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu (hér eftir greftrunarlög) og eru útfarir og greftrun þjónusta sem dánarbúum látinna einstaklinga er alla jafna skýlt að kaupa svo fremi að eigur dánarbúsins hrökkvi til. Mælt er nánar fyrir um útfarir og greftrun í lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, hrökkvi eigur látinna ekki fyrir útför. Hinsta hvílastað verða allir að fá fyrr eða síðar. Hefur Samkeppniseftirlitið og forverar þess nokkrum sinnum fjallað um málefni sem tengjast greftrunum.¹

¹ Fyrst og fremst er um að ræða mál sem lúta að útförinni sjálfri. Má hér nefna ákvörðun nr. 32/1996 Kvörtun yfir starfsemi Útfararþjónustu Kirkjugarðanna og ákvörðun 20/1999 Erindi er varðar útfararþjónustu í Borgarfirði.



Gera má ráð fyrir að frumvarpið varði einkum tvenns konar markaði. Annars vegar markað fyrir þjónustu við útfarir² og hins vegar markað fyrir endanlega hvílastaði sem myndi taka til þjónustu grafreita og bálstofa. Hefur hinn síðarnefndi markaður ekki komið til skoðunar af Samkeppniseftirlitinu en telja verður að sú þjónusta sem kirkjugarðar veita í dag teljist atvinnustarfsemi í skilningi samkeppnislaga og falli þar með undir gildissvið laganna.

Telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að mæla fyrir um aðskilnað útfararþjónustu frá kirkjugarðsstjórn þar sem slíkur rekstur eru undir sama hatti svo sem lagt er til í g-lið 7. gr. frumvarpsins enda er töluverð hættu á misnotkun á markaðsráðandi stöðu þar sem slík þjónusta er rekin saman.

3.

Hinn markaðurinn sem frumvarpið varðar er markaðurinn fyrir þjónustu grafreita og bálstofa. Eins og nefnt var skal skv. 1. gr. greftrunarlaga grafa lík í lögmæltum kirkjugarði skv. 5. gr. ellegar brenna þau í viðurkenndri bálstofu skv. 7. gr. Kirkjugarðar skv. ákvæði 5. gr. eru afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið. Hafa kirkjugarðar þannig að lögum verið háðir Þjóðkirkjunni, en þó má finna almenna heimild í 45. gr. laganna fyrir skráð trúfélög til starfrækslu grafreits. Í 5. gr. frumvarpsins er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Með kirkjugörðum eða grafreitum í lögum þessum er átt við afmarkað grafarsvæði, sbr. 7. gr.

þar sem þörf krefur er heimilt að afmarka sérstaka reiti fyrir mismunandi trúarbrögð og einnig óvígðan reit.

Í nýjum kirkjugörðum er skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin.“

Er greininni ætlað skv. athugasemdum að koma til móts við þarfir þeirra sem ekki eru kristnir og er vitaskuld eðlilegt að líta svo á að eftirspurn eftir slíkum athöfnum takmarkist ekki við kirkjulegar athafnir. Ber í því sambandi að hafa í huga að fjölgun íbúa af erlendum uppruna hér á landi getur kallað eftir fjölbreyttari valkostum að þessu leyti. Einnig ber að hafa í huga að hluti almennings aðhyllist engin trúarbrögð. Ætla verður að nokkur eftirspurn sé eftir annars konar útfarar- og grafreitajónustu en þeirri sem almennt er boðið er upp á í dag. Aukið frjálsræði og samkeppni á þessu sviði er til þess fallin að ná fram því markmiði að tryggja öllum þjónustu við hæfi á þessu sviði.

Ýmis ákvæði frumvarpsins takmarka hins vegar möguleika á samkeppni á þessum markaði, sem að öðrum kosti væri möguleg. Verður að telja eðlilegt að trúar- og lífsskoðunarfélög og aðrir aðilar hafi heimild til þess að starfrækja sjálfstæða grafreiti eftir því stjórnskipulagi sem þeir kjósa, en í dag þurfa þessir aðilar að hlíta sömu reglum og kirkjugarðar Þjóðkirkjunnar. Það teljast einnig hömlur fyrir stofnun grafreita að áskilið er að skráð trúfélag stofni þá. Ber að hafa í huga að víða þekkjast einkareknir grafreitir og hefur verið bent á að samkeppni á þessu

² Þ.e. athafnir sem tengjast því að lík er lagt til hinstu hvílu eða brennt.



sviði geti verið til hagsbóta.³ Á sama hátt getur ákvæði 8. gr. greftrunarlaga um að einstakir kirkjugarðar þjóðkirkjunnar skuli vera sjálfseignarstofnanir hindrað samkeppni.

Þrátt fyrir framangreint leggst Samkeppniseftirlitið ekki gegn lögfestingu frumvarpsins en áréttar að samkeppnisúrræði á þessu sviði geta stuðlað aukinni fjölbreytni og betri þjónustu.

4.

Samkeppniseftirlitið telur að þær breytingar sem gerðar eru á lögunum í 7. gr. frumvarpsins og varða sérstaklega útfarir sem ekki fara fram undir merkjum þjóðkirkjunnar séu til bóta og að þær eigi að geta stutt við fjölbreytni í útförum og aukið samkeppni í samræmi við þau sjónarmið sem hér hefur verið vikið að.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson

³ Marcos, Francisco, Sánchez Graells, Albert and Santalo, Juan, "Tomb Price Discrimination in Cemeteries: Competition in the Market for Corpses?" (January 22, 2007). Instituto de Empresa Business School Working Paper No. WP 07-09.



*Alþingi
Erindi nr. P 135/1755
komudagur 3.9.2008*

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

3. september 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum.

Innihald bréfs:

1. Leiðrétt (orðmyndir) umsögn Siðmenntar (5 síður)

Til útskýringar

Umsögn Siðmenntar var send nefndarsviði alþingis þann 10. mars síðastliðinn. Með því fylgdi eitt fylgiskjal þar sem útskýrt var að félagið væri að fá álit íslenskufræðings hjá Íslenskri málstöð vegna spurninga um hvora orðmyndina ætti að nota varðandi „lífsskoðunarfélag“ eða „lífsskoðanafélag“. Færa mátti rök með báðum orðmyndunum en niðurstaðan var sú að sú orðmynd sem fylgdi betur íslenskri málhefð væri „lífsskoðunarfélag“. Félagið sendir þú umsögnina með breytingu á þessu.

Jafnframt var því breytt að þar sem stóð „trú- og lífsskoðunarfélög“ er nú ritað „trúfélög og veraldleg lífsskoðunarfélög“. Þetta er gert til að fyrirbyggja misskilning á skilgreiningu hugtaksins „lífsskoðunarfélag“ þar sem það nær yfir bæði trúarleg og veraldleg félög. Samheiti trúarlegra lífsskoðunarfélaga er „trúfélög“ en það vantar samheiti yfir veraldleg lífsskoðunarfélög í íslenskt mál. Á meðan svo er, verður áfram skrifað saman „veraldleg lífsskoðunarfélög“ til aðgreiningar frá trúfélögum.

Að öðru leyti er umsögnin algerlega óbreytt að efnisinnihaldi og skoðast í raun hin sama tillaga og var send inn þann 10. mars síðastliðinn innan leyfðra tímamarka.

Þetta er hér sent rafrænt en ef nefndarsviðið óskar eftir útprentuðu eintaki í pósti, þá vinsamlegast látið undirritaðann vita.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Siðmenntar

Svanur Sigurbjörnsson, meðstjórnandi

s: 896 3465, sidmennt@sidmennt.is

SIÐMENNT er aðili að eftirfarandi samtökum:
IHEU - International Humanist and Ethical Union
EHF - European Humanist Federation
MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands



SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Til Allsherjarnefndar Alþingis

10. mars 2008

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr 36/1993, með síðari breytingum.

Kæru nefndarmenn

Almennt séð er það álit stjórnar Siðmenntar að frumvarpið sé vel unnið og það feli í sér talsverða framför á lögnum frá 1993. Í frumvarpinu er tekið meira tillit til þess fólks sem tilheyrir ekki þjóðkirkjunni og því meira jafnræðis gætt. Þá er til bóta að skilgreint er í frumvarpinu hvað telst til útfara. Einnig er lofsvert að rýmka eigi möguleika fólks til að ráðstafa ösku hins látna í tilviki bálfarar.

Í umsögn Siðmenntar eru þessi atriði tekin til umfjöllunar og miðast tillögur félagsins að því að lögin hefti enn síður valfrelsi fólks (t.d. varðandi ráðstöfun ösku) og komi betur til móts við þarfir trúlausra borgara og veraldlegra lífsskoðunarfélaga (eins og Siðmennt) sem bjóða uppá þjónustu við útfarir eftir í samræmi við sínar hefðir. Í því sambandi þarf að setja inn í lögin orðið *lífsskoðunarfélög* og gera greinamun á *trúarlegum*, *veraldlegum* og *borgaralegum* útförum.

Hugtakið *lífsskoðunarfélög* er samheiti yfir þau félög, *trúarleg* eða *veraldleg* sem fjalla um siðferði, heimsmyndina (hvaðan komum við? hverju eigum við að trúa?) og veita þjónustu við félagslegar athafnir fjölskyldna. Hugtakið er samsvarandi við það sem erlendis er kallað *life stance organizations*.

Uppsetning umsagnarinnar byggir á sömu greinaskipan og er í frumvarpinu utan þess að umfjöllun um heiti laganna er tekin fyrir fyrst. Tillögur að texta viðkomandi lagagreinir er sýndur innfelldur og breytingar eða viðbætur sýndar í **breiðletri**. Úrfellingar á texta eru ekki sýndar sérstaklega en í slíku tilviki er viðkomandi lagagrein rituð í heild sinni.

Heiti laganna

Það þarf að bæta við orðinu „grafreiti“ í heiti laganna því í hugum þeirra sem eru ekki í trú- eða lífsskoðunarfélagi sem sækir „kirkjur“ er lík greftrað í grafreit, ekki kirkjugarði, þó svo tæknilega séð verði grafreiturinn innan svæðis kirkjugarðs eða á svæði við hlið hans. Lagakaflinn ætti því að heita:

Lög um kirkjugarða, grafreiti, greftrun og líkbrennslu.

Þessi breyting yrði einnig í samræmi við það sem á að verða 9 gr. laganna í kafla IV þar sem segir:

[bls 2, 7. gr. b. (9. gr.)] „Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit, ...“

Samkvæmt 30. grein frumvarpsins er þessi sama breyting á heiti laganna lögd til og er Siðmennt því þá sammála, þó ástæða félagsins sé til viðbótar þeirri sem getið er í kaflanum „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta“ þar sem segir

„1. Lagt er til að að heiti laganna verði breytt þannig að orðið „grafreit“ komi þar fyrir. Kirkjugarðar eru einungis garðar þar sem kirkju er að finna, en oft hagar þannig til að grafreitir eru fjarri sjálfri kirkjunni, í sjálfstæðum gördum.“

3. gr.

Í stað orðisins „... trúfélögum...“ í 2. setningu greinarinnar skal standa „trú- og lífsskoðunarfélögum“ þannig að í heild hljóði setningin:

Þó skal heimilt að veita einstökum trúfélögum og **veraldlegum lífsskoðunarfélögum** leyfi til að búa lík til greftrunar innan sinna vébanda samkvæmt eigin hefðum, enda samrýmist það lögum og góðum siðum.

Rökstuðningur: Trúfélög eru ekki þau einu lífsskoðunarfélög (life stance organizations) sem koma að undirbúningi og stjórnun útfara. Siðmennt er nú að fara af stað með faglega þjónustu í þessum efnum (ráðgjöf og athafnastjórnun) sem húmanistar og trúlaust fólk mun færa sér í nyt í vaxandi mæli á næstu árum. Um 1/5 hluti þjóðarinnar er „ekki trúaðir“ skv. gildri skoðanakönnun Gallups árið 2004 og það væri í hróplegu ósamræmi og mikið óréttlæti að gera ekki ráð fyrir þessum hópi fólks í lögnum. Það er tekið tillit til trúlausra í öðrum greinum laganna þegar talað er um „óvígða reiti“ og í samræmi við það eiga aðrar greinar laganna að taka tillit til þeirra.

5. gr.

Í 5. gr. þarf að bæta við „... lífsskoðunarfélög“ í tveimur setningum þannig að greinin hljóði:

Með kirkjugörðum eða ... sbr 7. gr.

Þar sem þörf krefur er heimilt að afmarka sérstaka reiti fyrir mismunandi trúarbrögð og einnig óvígðan reit **fyrir veraldleg lífsskoðunarfélög**.

Í nýjum kirkjugörðum er skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð og **lífsskoðunarfélög** en kristin.

Reyndar má setja spurningu við orðalagið „Þar sem þörf krefur er heimilt...“ þar sem það gerir þörfina á afmörkun reita fyrir aðra en kristna að einhverju túlkunaratriði þeirra sem stýra grafreitunum.

7. gr.

7. gr. d. (11. gr.)

Greinin byrjar á: „Dóms og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi.“

Siðmennt finnst óréttmætt að þessi máti á dreifingu öskunnar sé settur undir sérstakt leyfi ráðherra sem getur með eigin valdi sett sérstakar reglur þar um. Þessi leið ætti að vera jafn rétt há þeirri að greftra öskuna í grafreit eða kirkjugarð. Við leggjum því til að greinin hljóði einfaldlega svo:

Heimilt er að ösku látinnar manneskju verði dreift yfir öræfi eða sjó, í samræmi við óskir hins látna þar að lútandi.

Þá segir í greininni: „Óheimilt er að dreifa ösku látins manns á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað.“

Siðmennt sér ekki meinbug á því að dreifa öskunni á fleiri en einn stað hafi það verið ósk hins látna. Nýverið lést Íslendingur í Ástralíu og hafði óskað þess að ösku hans yrði skipt á milli landanna enda átti hann kæra að í báðum löndum. Það var gert enda skiljanleg persónuleg ósk. Í þessu tilviki er hægt að merkja gröfina í báðum löndum en sé um tvo staði í sama landi að ræða er rétt að merkingin sé aðeins á einum stað ef um löggiltan grafreit eða kirkjugarð sé að ræða. Siðmennt leggur því til eftirfarandi setningu í staðinn:

Heimilt er að dreifa ösku látinnar manneskju á fleiri en einn stað liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi, en einungis merkja gröf á einum löggiltum grafreit innanlands. Merkingar við dreifingarstað í óbyggðum eða á sjó eru ekki heimilar.

Siðmennt sér ekki meinbug á því að aðstandandi hins látna fái að geyma duftker á sinni einkalóð eða einkahíbýlum liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna um slíkt. Þar sem hér yrði askan í vörslu ákveðinnar manneskju í stað þess að liggja í jörðu eða sjó þar sem allir hafa jafnan aðgang að, er rétt að þessi ráðstöfun krefjist undanþágu ráðherra. Aska látinnar manneskju ber ekki með sér sýkingarhættu og er ekki mengandi svo nokkrum stafi hætta af. Þessi ráðstöfun kann að hljóma sérkennileg eða jafnvel ógeðfelld í hugum sumra, en ef að hún skaðar engann og er samkvæmt vilja hins látna (og væntanlega ættingjans sem öskuna fær) þá er erfitt að finna góð rök gegn henni. Lög eiga ekki að banna eða hefta frelsi fólks að óþörfu. Þetta myndi hljóða svo:

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað að aska látinnar manneskju fái að vera í vörslu eins ákveðins ættingja eða aðstandanda hins látna, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi.

Þar til úrskurður fæst skai askan vera í vörslu líkhúss. Ákvörðun um ráðstöfun um ösku hins látna verður að liggja fyrir innan sex mánaða þar sem ekki er heimilt að geyma hana lengur í líkhúsi. Óráðstafaðri ösku manns verður fargað að þeim tíma liðnum.

Samkvæmt tillögu Siðmenntar hljóðar því 7. gr. d. (11.gr.) svo í heild sinni:

Heimilt er að ösku látinnar manneskju verði dreift yfir öræfi eða sjó, í samræmi við óskir hins látna þar að lútandi.

Heimilt er að dreifa ösku látinnar manneskju á fleiri en einn stað liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi, en einungis merkja gröf á einum löggiltum grafreit innanlands. Merkingar við dreifingarstað í óbyggðum eða á sjó eru ekki heimilar. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skuiu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu.

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað að aska látinnar manneskju fái að vera í vörslu eins ákveðins ættingja eða aðstandanda hins látna, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi.

Þar til ákvörðun fæst skal askan vera í vörslu líkhúss. Ákvörðun um ráðstöfun um ösku hins látna verður að liggja fyrir innan sex mánaða þar sem ekki er heimilt að geyma hana lengur í líkhúsi. Óráðstafaðri ösku manns verður fargað að þeim tíma liðnum.

7. gr. e. (12. gr.)

Þessi grein í frumvarpinu er miðuð að trúfélögum og óháðum borgurum eingöngu og samræmist því ekki jafnrétti lífsskoðunarfélaga og skilur trúlaus lífsskoðunarfélög útundan. Það gengur ekki og því leggur Siðmennt til að greinin hljóði eftirfarandi:

Með útför í lögum þessum er átt við:

- a. Helgiathöfn, sem lýtur hefð og siðum trúfélags og prestur eða forstöðumaður trúfélags annast,
- b. **Veraldleg kveðjuathöfn sem athafnarstjóri eða forstöðumaður veraldlegs lífsskoðunarfélags annast samkvæmt hefðum þess og siðum.**
- c. **Borgaraleg athöfn sem aðstandendur hins látna annast, óháð trúfélögum eða veraldlegum lífsskoðunarfélögum og getur haft veraldlegt og/eða trúarlegt innihald.**

Skal farið að vilja hins látna, hafi hann náð **16 ára** aldri, um það hvort útförin eigi að vera innan vébanda **trúarlegs eða veraldlegs lífsskoðunarfélags** eða borgaraleg. Ef vilji hans liggur ekki fyrir skal tekið tillit til óska aðstandenda hans, sbr. 2. gr. Ekki er skylt að hafa útfararathöfn áður en lík er borið til grafar **eða aska þess grafin eða dreift á heimiluðum stað.**

Rökstuðningur:

Varðandi b-lið: Siðmennt er nú í vor að setja á laggirnar faglega þjónustu við athafnir fjölskyldunnar og kallast ígildi prests við athafnir á vegum félagsins, **athafnarstjóri** (enska: celebrant, officiant). Þetta er starfsemi og þjónusta sem verður hluti af íslenskum veruleika og því ástæða til að lögin nái yfir hana. Eins og er, er Siðmennt eina veraldlega lífsskoðunarfélagið á Íslandi en það gæti breyst og því er rétt að lögin orði þetta á almennum nótum.

Varðandi orðin *veraldlegur* eða *borgaralegur* og notkun þeirra: *Veraldlegur* á við athafnir sem eru óháðar eða aðskildar trú eða trúarbrögðum, en hinsvegar *borgaralegur* á við um athöfn sem er fyrst og fremst í höndum borgaranna sjálfra (óháð lífsskoðunarfélögum) eða með beinni þátttöku borgaralegs embættismanns eins og t.d. *borgaraleg gifting* hjá sýslumanni. Utan laganna gæti *veraldlegum* athöfnum svo nánar verið lýst sem *húmanískum*, líkt og trúarlegum athöfnum sem kristnum eða kaþólskum.

Ástæða þess að Siðmennt tiltekur 16 ára aldur er sú að samkvæmt 8. grein núverandi laga um *skráð trúfélög* má manneskja skrá sig í trúfélag (eða úr því) 16 ára að aldri. Það yrði því ekki sæmræmi í lögum eða réttindum ef það má skrá sig í trúfélag en ekki ákvarða um hvort að maður verði jarðaður í umsjón þess 16-17 ára gamall. Á móti kemur að sjálfræði miðast við 18 ára aldur og því er spurning hvort viturlega sé að breyta grein 8 í lögum um *skráð trúfélög* til 18 ára aldurs. Þeim lögum þarf reyndar að breyta talsvert að öðru leyti þar sem veraldlegra lífsskoðunarfélaga er ekki getið í þeim.

7. gr. f. (13. gr.)

„Á eftir útför ...“ Samkvæmt breytingartillögu Siðmenntar í f. (11. gr.) myndi bætast við (feitiletrað):

Á eftir útför ... eða öskunni er dreift eða geymd í vörslu aðstandanda, sbr 11. gr.

7. gr. h (15. gr.)

„Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur eftirlit ...“ Samkvæmt breytingartillögu Siðmenntar í lið e. (12. gr.), um að einnig séu tilteknir athafnarstjórar veraldlegra lífsskoðunarfélaga leggur Siðmennt til eftirfarandi viðbót (breiðletruð):

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur eftirlit ... , prestar, **athafnarstjórar**, forstöðumenn skráðra trúfélaga **og veraldlegra lífsskoðunarfélaga**, starfsmenn útfararþjónustu, ... og tónlistarfólk.

9. gr.

Í samræmi við þá kröfu að ekki sé aðeins minnst á kirkjugarða þarf að bæta inní eftirfarandi (feitiletrað):

1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 20. gr., orðast svo:

Skylt er sveitarfélagi að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði **og svæði fyrir óvígða grafreiti**, svo og efni í ..., þó þannig ... sem kirkjugarðar **og grafreitir** standa. Nú hafa ... sameiginlegan kirkjugarð **og grafreiti** og skal þá ... fyrir sig.

13. gr. (verður 26. gr.):

Siðmennt tekur undir setninguna „Hringja má klukku í sáluhlíði þótt útförin sé borgaraleg“. Það mætti bæta við „...**eða veraldleg.**“ í samræmi við heimildir veraldlegra lífsskoðunarfélaga til að sjá um útfarir. Ekki er víst að veraldleg útför notist við klukknahtíð en Siðmennt sér ekki meinbug á því ef hinn látni eða aðstandendur óska þess. Þetta hlýtur þó að ákvarðast af því hvort að klukkurnar eru eign tiltekins trúfélags eða sveitarfélagsins þar sem í fyrra tilvikinu væri notkunin háð leyfi viðkomandi trúfélags og ekki hægt að setja reglur um hana í lögum.

10. mars 2008

Bestu þakkir

F.h. stjórnar Siðmenntar

Svanur Sigurbjörnsson, stjórnarmaður

Sími: 896 3465, sidmennt@sidmennt.is

Upplýsingar má einnig fá hjá:

Sigurði Hólm Gunnarssyni, meðstjórnanda – síma: 898 7585, sidmennt@sidmennt.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/1754
komudagur 11. 3. 2008

Reykjavík, 10. mars 2008.

Ég undirritaður þakka heiðrað bréf allsherjarnefndar frá 20. febrúar 2008, þar sem mér er fengið til umsagnar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Ég tel þetta frumvarp mjög til bóta en vil þó koma með þrjár athugasemdir varðandi efnisþætti.

a)

Í tillögu að 1. grein stendur:

Nú hefur lækur úrskurðað mann látinn og skal þá svo fljótt sem við verður komið flytja líkið í líkhús.

Athugasemd mín:

Þetta er allt of langt gengið. Nefna má að t.d. Karítas á Íslandi og Heimahlynning Krabbameinsfélags Íslands hafa unnið mikið og gott starf að því að leyfa fólki að deyja heima. Það gefur þeim námustu færi á að kveðja hinn látna við sem eðlilegastar aðstæður og getur líkið þá staðið uppi á meðan verið er að ná til þeirra. Það má líka vel hugsa sér að ákvæði um flutning líks í líkhús eigi fremur heima í heilbrigðislögum.

b)

Í 3. grein er rætt um að lík skuli hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði.

Ég legg til að síðari hluta setningarinnar verði sleppt en að setningin verði:

Óheimilt er að greftra lík eða brenna það nema það sé í kistu. Þó skalt heimilt...

Athugasemd mín:

Þetta er of langt gengið í forsjárhbyggju og óþarfa kvöð.

c)

Í 3. grein er rætt um að greftra lík eða brenna. Þar legg ég til að bætt verði inn nýrri 2. málsgrein sem hljóði svo:

Óheimilt er að smyrja lík til greftrunar.

Til skýringar:

Ástæðan er fyrst og fremst sú að þessari aðferð fylgir mikil mengun frá kemískum vöknum sem notaðir eru við smurningu, en einnig af bæði siðfræðilegum og trúfræðilegum ástæðum.

Að öðru leyti hef ég engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið en er tilbúinn til að mæta á fund hennar, verði þess farið á leit. Síminn er 551 3485 / 896 82 84.

Með vinsemi og virðingu,

Davíð Ósvaldsson
Sæviðarsundi 11
104 REYKJAVÍK



Alþingi
Erlindi nr. P 135/1779
komudagur 12.3.2008

11.3.2008

Allsherjarnefnd Alþingis.

Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál.

Þjóðminjasafni Íslands barst til umsagnar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál. Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið af hálfu Þjóðminjasafns Íslands.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,

Þjóðminjavörður